

Lögmannafélag Íslands  
Álftamýri 9  
108 Reykjavík

Sími: 568-5620  
Bréfsími: 568-7057  
Netfang (E-mail): lmf@tv.is


SÍMBRÉF:  
(TELEFAX)

Alþingi  
Erindi nr. p 121/212  
komudagur 27.11.1996

Dagsetning: 26. nóvember 1996  
Fjöldi blaðsíðna: 1+3  
Móttakandi: Nefndadeild Alþingis

Efni: Umsagnir laganefndar L.M.F.Í.

Með símbréfi þessu sendi ég annars vegar umsögn laganefndar L.M.F.Í. um þingsályktunartillögu um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og hins vegar umsögn um frv. til laga um breyting á tekjuskatts- og eignarskattslögunum, svo og frv. til laga um breytingu á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Virðingarsýllt  
  
Marteinn Másson, framkv.stj.



**Umsögn laganefndar L.M.F.Í.:**  
**Frumvarp til laga um breyting á tekju-  
og eignarskattslögum (146. mál) og frv.  
til laga um breyting á l. nr. 94/1996, um  
staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (143. mál).**

Stjórn Lögmannafélags Íslands fól laganefnd félagsins að fara yfir og semja umsögn um framangreind frumvörp. Fara athugasemdir nefndarinnar hér á eftir.

**1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.**

Í frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á ýmsum ákvæðum laganna. Laganefnd gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

a) Samkvæmt 2. mgr. 97. gr. laganna er óheimilt að endurákværða skattaðila skatt nema vegna síðustu tveggja ára, sem næst eru á undan því ári, þegar endurákvörðun fer fram, þótt í ljós komi að álagning hafi verið of lág, ef skattaðili hefur látið í té í skattframtali sínu eða fylgigögnum þess fullnægjandi upplýsingar, sem byggja mátti rétta álagningu á.

Í 10. gr. frv. er ráðgert að þetta ákvæði 97. gr. falli brott og að hinn almenni frestur til að endurákværða skatta sé fjögur ár. Eru í greinargerð reifuð ýmis sjónarmið til stuðnings þessari tillögu.

Laganefnd L.M.F.Í. leggst gegn þessari tillögu. Að mati nefndarinnar getur lenging frests í tilvikum, er falla nú undir 2. mgr. 97. gr., úr tveimur árum í fjögur ár, orðið skattaðilum til mikillar íþyngingar. Flestir skattaðilar landsins, einstaklingarnir, hafa ekki meira umleikis í fjármálum sínum en svo að þeir standa undir skattalögum hvers árs. Það getur haft í för með sér mikla röskun fyrir skattaðilann að skattar fyrri ára séu endurákværðar, jafnvel þannig að háar skattkröfur bættist við álagða skatta á því ári þegar endurákvörðunin fer fram. Telur laganefnd óhæft að búa skattaðilum þau skilyrði og óhagræði að mega eiga von á slíkum endurákvörðunum lengur en í þau tvö ár, sem nú er mælt fyrir um í lögumum.

b) Í 11. gr. frv. er lagt til að við 109. gr. laganna bættist ný málsgrein, þar sem innheimtuaðilum ríkissjóðs, sveitarfélaga og opinberra stofnana er heimilaður aðgangur að fasteigna-, skipa- og ökutækjaskrá, í því skyni að sannreyna eignastöðu einstakra gjaldenda. Meginbreytingin felst í aðgangi að fasteignaskrá, en skv. úrskurði tölvunefndar 16. maí 1994 var aðgangi hinna opinberu innheimtumanna, sem og annarra aðila, að þeirri skrá lokað.

Tillagan felur í sér, ef hún verður samþykkt, að innheimtuaðilar skv. 109. gr. laganna geta leitað að eignum einstakra gjaldenda í fasteigna-, skipa- og ökutækjaskrá samkvæmt

kennitölum. Í dag takmarkast þessi leitaradferð við skipa- og ökutækjaskrá og hafa allir kröfuhafar sömu möguleika að þessu leyti.

Sú röksemd er færð fram fyrir breytingartillögunni, í greinargerð með frumvarpinu, að innheimta skatta sé að mörgu leyti ólík annari kröfuhæð. Einkum sé stofnun skattkrafna með sérstökum hætti, þar sem hún stofnist í reynd með einhliða lögbundinni ákvörðun stjórnvalda. Hið opinbera hafi því engin tók á að tryggja fullnustu kröfumnar við stofnun hennar, ólíkt t.a.m. þegar um lánveitingar er að ræða. Þá þykir breytingartillagan, ef hún nær fram að ganga, stuðla að fækkun gjaldþrota í landinu, svo sem lýst er í greinargerðinni.

Laganefnd leggst eindregið gegn þessari tillögu um breytingu á lögnum, eins og hún er sett fram í frumvarpinu. Ef hún verður samþykkt hefur hún í för með sér mikla mismunun milli kröfuhafa, eftir því hvort þeir eru ríkissjóður, sveitarfélög eða opinberar stofnanir annars vegar eða allir aðrir kröfuhafa hins vegar. Brýtur hún þannig gegn því jafnræði, sem ríkja á þegar kröfuhafar leita fullnustu krafna sinna hjá þar til bærum embættum. Ef sú meginröksemd fyrir tillögunni, að hið opinbera geti ekki tryggt fullnustu skattkrafna fyrirfram, telst eiga rétt á sér, hlýtur hún jafnframt að gilda um allar þær kröfur, sem stofnast hafa utan samninga. Þá getur laganefnd heldur ekki fallist á þann þátt í röksemdinni, að breytingin kunni að stuðla að fækkun gjaldþrota. Það markmið, að fækka gjaldþrotum í þjóðfélaginu, er ekki röksemd fyrir þeirri mismunun, sem ráðgerð er með breytingartillögunni.

Laganefnd L.M.F.Í. leyfir sér að benda á, að ef löggjafinn telur heppilegt að kröfuhafar hafi heimild til að leita í fasteignaskrá að eignum einstakra skuldara, eftir kennitölum þeirra, mætti hugsanlega breyta og rýmka heimildir í 64. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989, þó þannig að allir sætu við sama borð í þessum efnum.


Laganefnd leyfir sér að benda á að samkvæmt lista yfir umsagnaraðila virðist tölvunefnd dómsmálaráðuneytisins ekki hafa fengið frumvarp þetta til umsagnar. Áskilur laganefnd sér rétt til að tjá sig frekar um breytingartillögu þessa á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, að fenginni umsögn tölvunefndar.

Að öðru leyti en að framan greinir gerir laganefnd L.M.F.Í. ekki sérstakar athugasemdir við önnur ákvæði frumvarpsins.

2. Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Laganefnd gerir ekki sérstakar athugasemdir við frumvarp þetta.

Reykjavík 26. nóvember 1996.  
Fyrir hönd laganefndar L.M.F.Í.

  
Andri Arnason, hrl., formaður